



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 11. september 2024

MSS24080086

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um fjölda starfsmanna með ungmennum eftir skóla

Á fundi borgarráðs, 22. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvað margir starfsmenn Reykjavíkurborgar fara út á meðal ungmenna þar sem þau hópast saman eftir skóla?

Greinargerð fylgdi.

Svar:

Starfsfólk félagsmiðstöðva heldur úti vettvangsstarfi í Reykjavík og það er mismunandi hversu oft vettvangsstarfið er, hversu lengi það varir og hversu margir starfsmenn eru á vettvangi, allt eftir ástandinu hverju sinni.

Starfsfólk félagsmiðstöðva í Reykjavík fer í vettvangsstarf í sínu hverfi eftir þörfum á opnunartíma félagsmiðstöðva og eftir að opnunartíma félagsmiðstöðva lýkur á kvöldin og kannar hvort það eru hópamyndanir barna og unglinga í hverfunum. Það eru að lágmarki tveir starfsmenn sem fara út í vettvangsstarf hverju sinni. Ef mikið hefur verið um hópamyndanir er viðbragðið aukið og það eru dæmi um að allt að átta starfsmenn í félagsmiðstöðvum sinni vettvangsstarfi í sínu hverfi. Félagsmiðstöðvar eru einnig með aukið viðbragð þegar stór böll eða hverfahátíðir eru haldnar í hverfunum.

Félagsmiðstöðvar í Reykjavík eru með miðlægt vettvangsstarf þegar að stærri viðburðir fara fram t.d. á Menningarnótt, Hinsegin dögum, á 17. júní og við próflok grunnskólanna. Á þessum stærstu viðburðum er samráð og samstarf við velferðarsvið Reykjavíkurborgar, lögreglu og vettvangsstarfsfólk nágrannasveitarfélaga. Fjöldi starfsfólks Reykjavíkurborgar á þessum stærri viðburðum getur verið frá fjórum og allt að þrjátíu manns t.d. á Menningarnótt.

Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð, er miðlægt verkefni félagsmiðstöðva sem að vinnur þvert yfir öll hverfi Reykjavíkurborgar. Flotinn er skipaður reynslumiklu starfsfólki félagsmiðstöðva. Yfir vetrartímam er Flotinn með fastar vaktir á föstudögum og laugardögum frá kl. 19 til miðnættis og stundum lengur ef þörf krefur. Laugardagsvaktirnar eru starfræktar í samstarfi við nágrannasveitarfélögin. Það eru tveir til þrjú starfsmenn sem sinna þessum vöktum. Einu sinni í mánuði taka tveir fulltrúar lögreglunnar og einn félagsráðgjafi þátt í vöktum Flotans. Flotinn er með aukavaktir í kringum vetrarfrí, miðlæga viðburði og þegar það er talin þörf vegna hópamyndunar.



Reykjavík



Síðast liðið sumar var Flotinn er með sex starfsmenn í fullu starfi, sem unnu í tveimur teymum. Teymin störfuðu alla daga og kvöld vikunnar nema sunnudaga s.l. sumar.

Flotinn vinnur í nánú samstarfi við lögreglu, velferðarsvið Reykjavíkurborgar og öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Megináhersla í starfi skóla- og frístundasviðs er vinna með börnum á leik- og grunnskólaaldri. Menningar- og íþróttasvið og velferðarsvið taka almennt við keflinu þegar kemur að ungmennum sem hafa lokið grunnskólagöngu.